



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 26. OKTÓBER 2010

ALÞINGI ÍSLENDINGA

- ÁRANGUR AF STÖRFUM ÞESS METINN

... líkt og von er þá mörkuðust störf þingsins af hruni hagkerfisins og afleiðingum þess ...

Alþingi var sett á ný í upphafi mánaðarins en með því lauk lengsta löggjafarþingi Íslandssögunnar. Líkt og von er þá mörkuðust störf þingsins með einum eða öðrum hætti af hruni hagkerfisins og afleiðingum þess. Mátti það sjá bæði á fjölda og tegundum mála. Viðamikil mótmæli við setningu Alþingis, almenn orðræða og slakar traustsmælingar sýna hins vegar að skort hefur á að þessi umfangsmiklu störf þingsins hafi borið raunverulegan árangur. Kannanir meðal aðila innan atvinnulífsins bera þess merki að viðhorf til árangurs stjórnvalda, stjórnarandstöðu og Alþingis séu þar af sama meði.

... í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu mætti of oft ætla að þar ráði persónulegir hagsmunir ...

Í stað heildarsamstarfs um lausnir á erfiðri stöðu heimila og atvinnulífs hefur pólitískur skotgrafarhernaður því miður í of mörgum tilvikum orðið ofan á. Þá skortir ríkisstjórninni forystu og getu til að koma brýnum verkefnum í framkvæmd hjálparlaust. Í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu mætti einnig of oft ætla að þar ráði persónulegir hagsmunir frammar hagsmunum Ísleendinganna sem veittu þeim umboð sitt. Þessi sýn birtist nær daglega í stjórnun landsmála og á vafalaust stóran þátt í þeirri tilvistarkreppu og skorti á trúverðugleika sem hrjáir þingið á þessari stundu.

... í of mörgum tilvikum hefur verið gengið gegn hagsmunum atvinnulífs ...

Í einstaka tilvikum hefur þó náðst næg samstaða um betrubætur og er það vel. Hins vegar, þegar horft er til þess að grunnforsenda hagvaxtar og þar með tekjuöflunar ríkissjóðs er öflugt atvinnulíf sem byggir á virku vinnuafli og bjartsýnum neytendum er ljóst að gera verður miklu betur. Þrátt fyrir það hefur atvinnulífið fram til þessa setið að mestu eftir í vinnu ríkisstjórnar og löggjafans. Ef litið er framhjá einstaka aðgerðum hefur í of mörgum tilvikum verið gengið gegn hagsmunum þess og skipta þar breytingarnar á skattkerfinu mestu.

Áður en litið er til megináherslna yfirstandandi þings er rétt að rýna nánar störf þess sem var að ljúka. Slíkt stöðumat er eitthvað sem Alþingi ætti sjálfst að tileinka sér í lok hvers löggjafarþings, en slíkt mat gæti jafnframt verið í höndum sameiginlegs skuggaþings atvinnulífs og almennings líkt og rætt verður um hér að neðan. Hér eru valin atriði tekin til skoðunar út frá hagsmunum atvinnulífsins, sem eru samofnir hag heimila og munu ávallt vera, því þessir lykilaðilar samfélagsins mynda órofa heild.

... í það heila eiga bæði stjórn og stjórnarandstaða hrós skilið ...

BÆTT VINNULAG ÞINGNEFNDA

Í það heila eiga bæði stjórn og stjórnarandstaða hrós skilið fyrir það starf sem átti sér stað innan nefnda Alþingis á síðasta löggjafarþingi. Talsvert var leitað til hagsmunaaðila, innan atvinnulífs og meðal almennings, til umsagnar og ráðgjafar við vinnslu frumvarpa og tillagna. Samstarf af þessu tagi er til þess fallið að ýta undir málefnaleg skoðanaskipti, draga að borðinu fleiri sjónarmið og auðvelda þar með nefndunum störf sín.

Framför:	Þingnefndir ýta undir samráð og koma meira að lagasetningu
	Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki
	Breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti
	Greiðsludreifing opinberra gjalda
	Lög um nýfjárfestingar
Það sem gera þarf betur:	Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
	Skattlagning skuldaeftingjafar
	Frekari breytingar á gjaldþrotalögum
	Lengra tímabil greiðsludreifingar opinberra gjalda
Brýn mál:	Skuldavandi heimila og fyrirtækja
	Heildarendurskoðun á skattkerfisbreytingum
	Lög um innstæðutryggingar
	Lög um verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóði
	Þingsályktunartillaga um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga
	Endurskoðun laga um sammingsbundna gerðardóma

... bætt vinnulag þingnefnda á nýafstöðnu þingi er fagnaðarefni ...

Sérstaklega er hvatt til samráðs af þessu tagi í handbók forsætisráðuneytisins um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Þar er mælt til þess að samráð sé haft við sem breiðastan hóp við undirbúning frumvarpa, enda stuðlar það að því að sátt ríki frekar um mál og að forsendur séu ljósar áður en lengra er haldið með frumvarpið. Þar segir einnig að samráð styðjist við lýðræðisrök, þ.e. að þeir sem væntanleg löggjöf varðar eigi þess kost að hafa áhrif á efni hennar. Bætt vinnulag þingnefnda á nýafstöðnu þingi er því fagnaðarefni og til eftirbreytni fyrir stjórnkerfið í heild sinni.

... bætt verklag og aukin lagasmíði nefnda er styrkleiki sem vert er að viðhalda ...

Sérstaka athygli vekur jafnframt sú afgreiðsla sem frumvörp úr nefndum þingsins fengu á nýafstöðnu þingi. Öll frumvörp sem lögð voru fram af nefndum Alþingis voru afgreidd, sem er óvenjulegt miðað við meðferð slíkra frumvarpa síðustu ár. Bætt verklag og aukin lagasmíði nefndanna er styrkleiki sem vert er að viðhalda. Með virkara starfi nefndanna má gera ráð fyrir betri frumvörpum sem breiðari samstaða næst um og fá þar með skilvirkari afgreiðslu á þingi.

NOKKUR MÁL EFLDU ATVINNULÍFIÐ

Dæmi um mál þar sem vel tókst til við lagasetningu á síðasta löggjafarþingi og gætt var sjónarmiða atvinnulífsins eru breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Með þeim var eftirlit hert með starfsemi fjármálafyrirtækja og þeim gert skylt að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Í yfirferð viðskiptanefndar Alþingis á frumvarpinu var kallað eftir umsögnum hagsmunaaðila og er þetta frumvarp gott dæmi um hvernig samráð skilaði sér í betri lögum fyrir vikið, enda var tekið að mörgu leyti tillit til þeirra athugasemda sem nefndinni bárust.

... með lögnum voru mikilvæg skref stigin í rétta átt ...

Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi og breytingar á lögum um gjaldprotaskipti, að beiðni Alþjóðgjalddeyrissjóðsins, teljast jafnframt til lagasetninga sem stuðlaði að eflingu atvinnulífsins. Þeim fyrrnefndu er ætlað að skila sér í aukinni nýfjárfestingu í atvinnurekstri hérlendis, auka samkeppnishæfni landsins og styrkja stoðir atvinnulífsins. Þær breytingar sem gerðar voru á lögum um gjaldprotaskipti og aðför fólu aftur á móti í sér einföldun á fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Þó gera hefði mátt mun betur í þeim efnum voru mikilvæg skref stigin í rétta átt með lögnum.

Þá heimiluðu stjórnvöld jafnframt greiðsludreifingu opinberra gjalda og gerðu fyrirtækjum kleift að gera upp skuldir sínar við ríkissjóð yfir lengra tímabil. Þessi úrræði komu atvinnulífinu afar vel og voru um leið til þess fallin að styrkja stöðu ríkissjóðs. Því miður voru þessar heimildir ekki framlengdar, sem full þörf var á og ráðið kallaði reglulega eftir. Auk þessa voru leidd í lög ákvæði um bætt réttindi hluthafa sem falla vel að áherslum nýrra leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, en öflug réttindi hluthafa eru grunnþættir fjárfestingaumhverfis og þar með virks hlutabréfamarkaðar.

... hjá því verður ekki litið að einstakir þættir þeirra hefðu mátt fara mun betur ...

NÝSKÖPUNARLÖG ÞARF AÐ BÆTA

Á síðasta löggjafarþingi voru jafnframt samþykkt lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Heilt yfir koma þau fyrirtækjum sem starfa við nýsköpun hér á landi vel, hvort sem er litlum sprotafyrirtækjum og frumkvöðlum eða stærri fyrirtækjum. Þrátt fyrir það verður ekki hjá því litið að einstakir þættir þeirra hefðu mátt fara mun betur og eru jafnvel lögnum sjálfum til trafala. Helstu atriði sem hefði mátt haga með öðrum hætti eru skattafsláttur vegna fjárfestinga, en í lögnum er hann takmarkaður við beina fjárfestingu einstaklinga eða lögaðila í nýsköpunarfyrirtækjum og með lága hámarksupphæð.

... lagfæra þarf lögin til skýringar svo þau samrýmist þeim tilgangi sem þeim var ætlað ...

Til að ná þeirri hvatningu til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum sem lögnum var ætlað, og auka gagnsæi, hefði annað fyrirkomulag verið hentugra, t.d. fjárfestingar í sjóðum eða hlutafélagum sem hafa þann eina tilgang að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Einnig skortir á í lögnum að skilgreint sé með fullnægjandi hætti hvernig framkvæmd á skattafrádrætti eigi að vera háttáð. Lagfæra þarf lögin til skýringar svo þau samrýmist þeim tilgangi sem þeim var ætlað. Slíkar úrbætur eru verkefni sem Alþingi verður að ráðast í sem fyrst, en með vandaðri undirbúningi og nánara samráði við hagsmunaaðila hefði þó mátt forðast þann tvíverknað sem í því felst.

REGLUR UM SKULDAEFTIRGJÖF OF STÍFAR

Annað dæmi um löggjöf sem samþykkt var á Alþingi sem hefði mátt útfæra betur eru breytingar á lögum um tekjuskatt sem snúa að skattalegri meðferð á eftirgjöf skulda. Í þeim var ekki gengið nógu langt í niðurfellingu skattskyldu vegna slíkrar eftirgjafar, en með lögnum voru settar reglur um skattskyldu sem nemur ákveðnu hlutfalli af veittri eftirgjöf. Eðlilegt væri að fyrirtæki og einstaklingar sem hafa komið fjárhag sínum betur fyrir í samvinnu við kröfuhafa beri ekki þungar skattbyrðar sem geta verið þess valdandi að staða sem annars væri lífvænleg verður það ekki.

Á það einkum við sé eigið fé fyrirtækis neikvætt og eftirgjöf veldur engri breytingu þar á og krafan því verðlaus með öllu. Þau fyrirtæki sem ná að snúa eigin fé sínu í jákvætt í kjölfar endurskipulagningar ættu hins vegar að ekki að þurfa að tekjufæra eftirgjöfina nema afskrifað sé umfram markaðsvirði kröfu og þeim ætti jafnframt vera gert kleift að jafna tap næstu ára á móti þeirri tekjufærslu sem myndast ef afskrifað er meira en því nemur. Nánar er fjallað um afskriftir af skuldum fyrirtækja í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs og SA: [Skattkerfi Atvinnulífsins](#).

... mikilvægt er að laga regluverk innstæðutrygginga hið fyrsta ...

FJÖLDI BRÝNNA MÁLA SEM BÍÐA

Hagsmunir atvinnulífsins kalla á að nokkur af þeim málum sem fengu ekki afgreiðslu á nýliðnu þingi og eru nú aftur til umfjöllunar í nefndum þess verði afgreidd sem fyrst á nýju þingi. Sem dæmi um þetta er frumvarp um ný lög um innstæðutryggingar. Hér er um brýnt mál að ræða, sérstaklega í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað við og í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Mikilvægt er að lagfæra regluverk innstæðutrygginga hið fyrsta svo styrkja megi grunnstoðir nýs fjármálakerfis og draga alfarið úr áhættu skattgreiðenda af starfsemi fjármálafyrirtækja. Þess verður því að gæta í meðferð frumvarpsins að tryggingar séu ekki veittar fyrir innstæðum umfram burðargetu kerfisins. Ísland ætti því að nýta sér neðri mörk þeirrar viðmiðunar sem gert er ráð fyrir í reglum Evrópusambandsins, í stað þess að fara í hæstu mörk ef á kerfið reynir aftur.

... þá skiptir máli að lagst verði í heildarendurskoðun á lögum um samningsbundna gerðardóma ...

Aðrar tillögur voru gerðar að breytingum á lögum er varða fjármálakerfið sem ekki voru afgreiddar á síðasta þingi, en þörf er á að klára sem fyrst. Má þar t.a.m. nefna frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði og tillaga til þingsályktunar um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Þá skiptir miklu að ráðist verði í heildarendurskoðun á lögum um samningsbundna gerðardóma til að gera atvinnulífinu kleift að útkljá ágreining með skilvirkum hætti og um leið draga úr álagi á almenna dómstóla.

Fyrir utan heildarendurskoðun á skattkerfisbreytingum stjórnvalda síðustu missera skiptir fyrst og síðast mestu að ýtt sé undir skjóta afgreiðslu á skuldavanda fyrirtækja innan bankakerfisins. Takist það samhliða aðgerðum til handa heimilum er mikilvægur grunnur lagður að því að margumrædd hjól atvinnulífs snúist hraðar, með jákvæðum áhrifum á hagvöxt og hagsæld. Fréttir hafa borist af því að undanförunu að frumvörp í þessa veru séu í vinnslu og verði lögð fram á næstunni. Viðskiptaráð telur afar brýnt að vinnu við þau verði flýtt og að þingheimur komi sér saman um skilvirka afgreiðslu þeirra í samstarfi við sem flesta hagsmunaaðila.

... rétt væri að koma á fót formfastara samstarfi stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnulífs og almennings ...

SKUGGAPING BÆTI STÖRF ALÞINGIS

Eins og áður segir virðist sem lengsta löggjafarþing til þessa hafi ekki borið þann árangur sem vonast var til. Skortur á samráði við hagsmunaaðila fyrirtækja og heimila og skökk forgangsroðun sem af því leiddi á þar stóran þátt. Til að gera vinnu stjórnvalda og Alþingis á nýju löggjafarþingi hnitmiðaðri og skilvirkari væri rétt að koma á fót formfastara samstarfi stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnulífs og almennings. Til þess er eflaust til fjöldi aðferða en ein gæti falið í sér einskona skuggaping atvinnulífs og almennings.

... skuggaþingið myndi veita þingmönnum í öllum flokkum talsvert aðhald ...

Skuggaþingið myndi koma saman fyrir hvert löggjafarþing og leggja fram sameiginlegar áherslur atvinnulífs og heimila fyrir stjórn og stjórnarandstöðu til að hafa í huga í störfum sínum. Að sama skapi gæti skuggaþingið metið árangur þingsins að loknum þingstörfum með hliðsjón af hagsmunum samfélagsins í heild, bæði heimila og fyrirtækja. Að því gefnu að Alþingi tæki tillit til tillagna skuggaþingsins þá væri samstarf af þessu tagi til þess fallið að skapa meiri sátt um störf þingsins hverju sinni, sem ekki er vanþörf á, auk þess að veita þingmönnum í öllum flokkum talsvert aðhald.

VERKEFNIÐ NÚ ER SAMVINNA UM LAUSNIR

Alþingi er nú í nokkurri tilvistarkreppu sem hefur og mun, að öllu óbreyttu, halda áfram að auka á efnahagslegu kreppuna sem hér ríkir. Mótmæli við þingsetningu nýs löggjafarþings, slakar traustsmælingar meðal almennings og neikvætt viðhorf fyrirtækjastjórnenda til efnahagsbata nú tveimur árum eftir efnahagshrunið hljóta að teljast skýr skilaboð um að nýja aðferðarfræði þurfi við úrlausn viðfangsefna Alþingis.

... bati í efnahagsmálum og líf skjörum byggir á skilvirkri lausn þessara mála ...

Stjórnvöld og stjórnarandstaða verða því nú að taka höndum saman og beina spjótum sínum að brýnustu verkefnunum – skuldavanda heimila og fyrirtækja. Bati í efnahagsmálum og líf skjörum byggir á skilvirkri lausn þessara mála. Virkt samráð við hagsmunaaðila, málefnaleg samskipti og hagnýt nálgun á viðfangsefnið mun styðja við þá forgangsroðun.

Nánari upplýsingar veita Þórdís Bjarnadóttir lögfræðingur Viðskiptaráðs og Björn Þór Arnarson hagfræðingur Viðskiptaráðs í síma 510-7100.